

Stjórnarfundur FEBSEL 19.09.2024 haldinn á Skólabraut 5 kl. 15.30.

Mættir: Kristbjörg, Sigríður, Inga, Stefán, Helgi og Aðalbjörg.

Dagskrá:

Skólabraut 10

Búið er að samþykkja að breyta Skólabraut 10 í ný ca 60 m² íbúðir fyrir eldri borgara, 65+. Þetta á að vera hluti af „lífsgæðakjarna“ á Seltjarnarnesi. FebSel getur ekki tekið fjárhagslega þátt í slíkri byggingu en verið álitsgjafar og kynnt hana í okkar hópi. Einnig getur félagið boðið framkvæmdaaðilum á fund til að kynna þeim hugmyndir og kröfur eldri borgara varðandi slíka byggingu.

Öldungaráðsráðstefna 17.10.2024

Ráðstefna um Öldungaráðin á landinu verður haldin þann 17. október n.k. Þar verður rætt m.a. um hvernig megi virkja þau betur og einnig íta á bæjarstjórnir að nýta þau betur varðandi uppbyggingu og þjónustu við eldri borgara á staðnum. (sjá nánar um verkefni öldungaráðs í Lögum um málefni aldraðra, 8. gr.)

Almenn umræða.

Forvarnarstefna Seltjarnarnes var samþykkt s.l. vor og birt á vef bæjarins á síðunni Íbúar á Seltjarnarnesi.

Önnur mál.

- Þörf er á að kynna betur og gera lög FebSel aðgengilegri fyrir almenning í bænum. Einnig þarf að kynna betur Landsamband eldri borgara. Félagið hefur ekki sér vefsíðu þar sem það er mjög dýrt. Því var rætt um að fara þess á leit við Seltjarnarnesbæ að hýsa lög FebSel eða setja link á síðu FebSel.
- Fundur um kjaramál eldri borgara á vegum Félaga eldri borgara í Kraganum verður haldinn 29. okt. n.k. Félag eldri borgara í Hafnarfirði sér um skipulagið.
- Ýmsar hugmyndir ræddar varðandi viðburði á vegum FebSel s.s. að dansa tango á Eiðistorgi og borða saman á Rauða ljóninu.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:30.

Aðalbjörg J. Finnbogadóttir ritari.